



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 39

Ágúst 1992

### HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 11.-13. september 1992. Lagt verður af stað á föstudagskvöld kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni hf. Borgartúni 34.

Pátttaka tilkynnist Stefáni Bjarnasyni (vinnusími 28544, heima 37392) eða Ástvaldi Guðmundssyni (vinnusími 686312).

## HAUSTFERÐ

„Hin árlega 13. september ferð“ félagsins verður farin föstudaginn 11. september 1992 kl. 20:00 frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar Borgartúni 34. Utan hins óvænta verður sami háttur á hafður og undanfarin ár og komið til Reykjavíkur aftur um kl. 19 sunnudaginn 13. september.

Nefndin

## VORFERÐ JÖRFI 1992

Árleg rannsóknaferð Jörfi var farin til Grímsvatna dagana 13.-21. júní. Lagt var upp frá GG um kl. 8 laugardagsmorgun, komið í Jökulheima um miðjan dag, ekið upp jökulinn um miðnætti og fyrstu menn komu á Grímsfjall kl. 4 að morgni. Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð vatnsborðs Grímsvatna var mæld í vökk undir Vestari Sváhnuk. Hinn 17. júní s.l. mældist hún 1389 m y.s., sem er um 60 m lægra en í fyrra. Í hlaupinu s.l. haust féll vatnsborðið um nálgæt 80 m.
2. Landmælt var 10 km langt snið norðaustur úr Vötnunum til þess að fá mat á isskrið inn að þeim. Hæð og hreyfing issstflunnar austan við þau var einnig mæld.
3. Vetrafaskoma var mæld á miðri íshellunni og reyndist 5,12 m (af snjó), sem er nærrí meðallagi.
4. Unnið var að umfangsmiklum mælingum á staðsetningu mælistika á vestanverðum Vatnajöklum með nákvæmum GPS-tækjum til þess að finna hæð og hreyfingu jöklusins. Hér er um að ræða gerbreytingu á landmælingum á jöklum, þar sem unnt er að vinna þær hvernig sem viðrar.

5. Samhliða GPS-mælingum voru gerðar þyngdarmælingar til þess að kanna jarðög undir vestanverðum Vatnajökli.
6. Mæld var nákvæmlega staðsetning fastpunktá á Hamrinum og Grímsfjalli (Saltaranum) með GPS-tækjum í þeim tilgangi að fylgjast með hreyfingum jarðskorpu vegna landreks og eldvirkni. Eru þetta fyrstu mælingar í þeim tilgangi inni á jöklinum.
7. Unnið var að mælingum með íssjánni til þess að kanna hvor ísshellan á Grímsvötnum fer á flot.
8. Borið var á báða skálana, þeir þrifnir og unnið að viðhaldi. Fjallægðar voru tómar tunnar og annað rusl af Grímsfjalli og flutt til byggða.
9. Gufubað var sett upp við Saltarann og við borholu austan við nýja skálann.
10. Póra Karlsdóttir og Ingibjörg Árnadóttir höfðu stjórn á matseld og gekk það með eindæmum vel. Allflestir þátttakendur tóku þátt í hússtörfum, beðnir og búningar, en Helgi Ágústsson var þó örðrum sneggri.

Landsvirkjun lagði að vanda til snjóþsl og blstjóra, en einnig landmælingamann. Norræna eldfjallastöðin lánaði GPS-tæki til leiðangursins. Félagar blanefndarformanns fluttu fólk til og frá jöklum. Þátttakendur voru 26. Ferðanefnd, undir formennsku Ástvalds Guðmundssonar sá að mestu um undirbúning ferðarinnar. Árangur af rannsóknunum var góður, félagsandinn ágætur og veður misjafnt; hressilega hvassst í þrjá daga og einn daginn ekkert unnið úti, en margir stórsigrar unnir í bridge.

Helgi Björnsson

## FRÁ SKÁLANEFND

Um nokkurn tíma hefur staðið til að lagfæra innréttningar og klæðningu í „Gamlaskála“ og anddyri „Nýjaskála“ í Jökulheimum. Þau vöskustu létu svo til skarar skrifða um hvítasunnuna en það voru Jórunn, Ástvaldur, Edda, Alexander, Sverrir, Vilhjálmur, Gunnar og fjögor ónafngreind ungmenni.

Vasklega var gengið til verks og allt nema gólfklæðning fjarlægt innan úr skálanum og andyrinu. Fjögurra tommu steinullareinangrun var sett í grindur beggja húsanna og „loftþéttur“ plastdúkur innan á veggi og sperrur.

Um helgina 13.-16. ágúst var svo haldið inn eftir aftur og byrjað að fjarlægja gólfklæðningu úr „Gamla skálanum“, einangrað gólfíð og klætt aftur með furugólfborðum. Síðan unnið að klæðningu á þekjum og veggjum beggja húsanna eins og tími vannst til. Notaður var rásaður, vatnspéttur krossviður. Þegar klæðningu lýkur verða settar hillur og borð í eldhússkrókinn. Gömlu kojurnar verða trúlega endurnýjaðar og stækkaðar eins og rýmið leyfir.

Stefán Bjarnason